

Fundur í leikskólanum 3. febrúar 2016

Mættar: Anna Þorbjörg, Dagbjört, Edda, Hildur Katrín, Ólöf Sunna, Rakel og Soffía leikskólasjóri.

Mikil ánægja með fréttabréfið og Guðrúnu Heimis.

Við ræddum leiksýningu fyrir febrúarmánuð:

Fyrsta val er Lína Langsokkur. Rakel hefur talað við Ágústu sem er greinilega mjög upptekin. Gott tækifæri til þess að fá Línu Langsokk núna því hún er að hætta fljótlega. Rakel ætlar að hafa samband aftur við Ágústu/Línu og ef hún heyrir ekki til baka um eða eftir helgina þá munum við velja eitthvað annað.

Aðrar sýningar sem hafa komið til tals:

Maxímús. Hefur tvívegis komið í leikskólann á síðustu árum.

Brúðuheimar hafa sent tilboð.

Dúi og Stemma (sýna m.a. hljóðfæri) Ákveðið var að hafa Dúa og Stemmu í bakhöndinni ef Ágústa kemst ekki með Línu Langsokk. Soffía leikskólastjóri er sérlega hrifin af þessari sýningu.

Ræddum tímasetningar fyrir leiksýningarnar í febrúar m.a. út frá degi leikskólans fyrstu viku febrúar, Öskudegi og starfsdegi í leikskólanum 16. febrúar. Seinasta vikan í febrúar gæti verið góð?

Símaskrár. Setja inn á facebook síðu allra foreldra. (Anna Þorbjörg)

Buff, sumardagurinn fyrsti (spyrjum Guðrúnu út í það).

Ræddum lúsina...

Bókakassar, minna á. (Póstur, eða taka sjálfar frumkvæði með því að gefa bækur?)

Næsti fundur: fimmtudagur 3. mars klukkan 8:15, setjum þá í gang umræðu um sumarhátíð, dagskrá, dagsetning. Plan B: heitt kakó í staðinn fyrir ís ef það verður aftur jafn slæmt veður (hafa í huga).

Foreldraráð: skilaði til skólanefndar framtíðarsýn.

Fengum framhald á Hreyfilandi. Oddi og Skáli byrjuðu í byrjun febrúar.

Netfang foreldrafélagsins. Ekkert í gangi þar enn. Anna Þorbjörg fylgist með netfanginu, höfum ekki enn fengið póst á það (síðast skoðað í dag 10. febrúar).

Dýnumál? Ekkert nýtt hefur gerst í því að fá dýnur inn á Bjarg og Eiði. (Börnin hafa verið að sofna fram á borðum). Stendur á leikskólanum. Málið kom frá foreldrafélaginu í fyrra (börnin voru að leggjast fram á borð í hvíld). Dýnur hugsaðar fyrir slökun en ekki svefn á Sólbrekku. Fjárveiting frá bænum var komin.

Við fáum nýja stóla í Sólbrekku aðra vikuna í febrúar.